

Mánudaginn 16. janúar 1989.

Nr. 115/1988. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

**Sigurði Hólm Sigurðssyni**

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

Skjalafals. Bifreiðar. Ölvunarakstur. Umferðarlög.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason, Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 18. apríl 1988 að ósk ákærða og jafnframt af hálfu ákærvalds til þyngingar.

Dómkröfur ákærvalds eru þær að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur að því er varðar sakfellingu, sviptingu réttar til þess að öðlast ökuleyfi og greiðslu sakarkostnaðar, en refsing ákærða verði þyngd og ákærði dæmdur til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs.

Verjandi ákærða krefst þess aðallega, að ákærði verði sýknaður en til vara að hann verði dæmdur í þá vægustu refsingu, sem lög frekast leyfa. Ennfremur krefst hann málsvarnarlauna auk 12% söluskatts.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn, þar á meðal sakavottorð ákærða dagsett 9. þ.m., þar sem fram kemur að auk þeirra refsinga sem raktar eru í héraðsdómi og þess máls, sem hér er til meðferðar, hefur hann á árinu 1988 sætt eftirtöldum refsingum: Hinn 20. janúar var hann dæmdur í 45 daga varðhald fyrir umferðarlagabrot og ævilangt sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi. 5. maí var honum dæmdur hegningarauki 8 mánaða fangelsi fyrir brot gegn almennum hegningarlögum og umferðarlögum. 30. júní undirgekkst hann með dómsátt 12.000,00 króna sekt fyrir fíkniefnabrot. 22. september var hann með dómi sakfelldur fyrir umferðarlagabrot án þess að honum væri gerð sérstök refsing og aftur 19. desember, en 3. október var hann dæmdur í 7 mánaða fangelsi fyrir hegningarlagabrot.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms má staðfesta niðurstöðu hans um það, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í I. og II. kafla ákæru. Eru brot hans réttilega færð til refsíákvæða. Eftir uppsögu héraðsdóms tóku gildi umferðarlög nr. 50/1987 og ber samkvæmt 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 að dæma eftir þeim um þau brot hans, er II. kafli ákæru tekur til. Varða brot þessi við 4. mgr. 44. gr., 1. mgr. 45. gr., 1. mgr. 48. gr., 1. mgr. 4. gr. og 2. mgr. 10. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og refsingu samkvæmt 100. gr. sömu laga.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin í hinum áfrýjaða dómi.

Fram er komið, að ákærði hefur aldrei haft rétt til að stjórna bifreið. Áður en til þessa máls kom hafði hann þrívægis verið ævilangt sviptur rétti til að öðlast ökuréttindi og stendur það óhaggað. Í umferðarlögum nr. 50/1987 felst ekki heimild til að svipta ákærða rétti til að öðlast ökuleyfi, sbr. dóm Hæstaréttar 27. júní 1988 í málinu nr. 150/1988. Svipting réttar ákærða til að öðlast ökuleyfi verður því ekki áréttuð í máli þessu.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Skipaður verjandi ákærða kvaðst hafa orðið fyrir því, að dómsmálaráðuneytið teldi söluskatt innifalinn í þeirri fjárhæð, sem ákveðin væri sem málsvarnarlaun í dómi, og hefði hann af því til efni uppi sérstaka kröfu um söluskatt á málsvarnarlaun. Samkvæmt 143. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skal þóknun skipaðs verjanda ákveðin tiltekinni fjárhæð í dómi. Fjárhæð þessi er endurgjald fyrir lögfræðipjónustu og dæmd án þess söluskatts, sem af henni ber að greiða samkvæmt 1. tölulið 1. mgr. 18. gr. laga nr. 10/1960 um söluskatt, sbr. 7. gr. laga nr. 1/1988 um breyting á þeim lögum. Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. laga nr. 10/1960 skal sá, sem innir þjónustu af hendi, innheimta söluskatt og standa skil á honum í ríkissjóð.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Sigurður Hólm Sigurðsson, sæti fangelsi 6 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin

saksóknarlaun í rikissjóð 20.000,00 krónur og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000,00 krónur.

### Dómur sakadóms Reykjavíkur 5. febrúar 1988.

Ár 1988, föstudaginn 5. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 73/1988: Ákærvaldið gegn Sigurði Hólmi Sigurðssyni, sem tekið var til dóms þann 15. janúar sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali rikissaksóknara dagsettu 31. mars sl. á hendur ákærða, „Sigurði Hólmi Sigurðssyni, Goðheimum 18, Reykjavík, fæddum 1. maí 1963 þar í borg, fyrir eftirgreind brot:

#### I.

Fyrir skjalafals með því að afhenda Valdísi Steinarsdóttur, Asparfelli 8, Reykjavík, sem greiðslu fyrir bifreiðina R-29731, þann 3. nóvember 1986, falsaðan víxil að fjárhæð kr. 30.000,00, útgefinn 3. nóvember 1986, með gjalddaga 2. desember 1986, sem ákærði hafði samþykkt til greiðslu og framselt og falsað á nafnritun Valgeirs Magnússonar, nnr. 9099-7540, sem útgefanda.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

#### II.

Fyrir að neyta áfengis við akstur og aka undir áhrifum áfengis og auk þess sviptur ökuréttindum ævilangt ofangreindri bifreið í nóvember 1986, mánudaginn 13. (sic), þriðjudaginn 14. (sic) og miðvikudaginn 15. (sic), um götur í Reykjavík, Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði og aka bifreiðinni síðast greinda daginn á ljósastaur við Snorrabraut í Reykjavík og þaðan brott af vettvangi án þess að gera viðeigandi ráðstafanir vegna óhappsins, en ákærði hætti síðan akstri bifreiðarinnar við veitingahúsið Glæsibæ við Álþeima.

Telst þetta varða við 1. og 2. mgr. 25. gr. 1. mgr. 27. gr., 1. mgr. 37. gr. og 2. mgr. 41. gr., allt sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

#### III.

Fyrir þjófnað með því að hafa þriðjudaginn 14. (sic) nóvember 1986 í félagi með Dagnýju Björt Magnúsdóttur, fæddri 6. maí 1971, lokkað óþekktan ölvandan mann upp í áðurgreinda bifreið fyrir utan veitingahúsið

Hrafninn í Skipholti í Reykjavík, stolið frá honum veski hans og um kr. 17.000,00 í peningum, en að því loknu skildu þau hann eftir á bryggjunni í Hafnarfirði og eyddu síðan fénu í eigin þarfir.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar eða til sviptingar réttar til að öðlast ökuleyfi samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir samkvæmt framburði ákærða og öðru því, sem fram er komið í málinu:

### I.

Hinn 3. nóvember 1986 keypti ákærði bifreiðina R-29731 af Valdísi Steinarsdóttur, Asparfelli 8, Reykjavík, fyrir kr. 30.000,00. Kaupverð bifreiðarinnar greiddi hann í einu lagi með 30.000,00 króna víxli, útgefnum 3. nóvember 1986 og með gjaldþaga 2. desember s.á. Útgefandi á víxlinum er Valgeir Magnússon, 9099-7540, en samþykkjandi og greiðandi er ákærði, Sigurður Hólm Sigurðsson. Á bakhlið víxilsins, þar sem gert er ráð fyrir framsali útgefanda, er ritað „9099-7548“, en þar fyrir neðan, þar sem gert er ráð fyrir áritun ábekinga, er nafn og nafnnúmer ákærða. Á svuntu víxilsins er m.a. ritað nafn og nafnnúmer ákærða sem greiðanda víxilsins, heimilisfang hans og símanúmer og staða, þ.e. sjómaður. Á sama hátt er ritað „Valgeir Magnússon, nnr. 9099-7540, Brautarholti 22, bílamálari“, í reit sem ætlaður er fyrir upplýsingar um útgefanda víxilsins. Allt sem fært er á víxileyðublaðið er handritað.

Valgeir Magnússon, sem nú er talinn til heimilis í Hraunbæ 22, Reykjavík, hefur ekki kannast við að hafa gefið framangreindan víxil út né að hafa ritað nokkuð á víxileyðublaðið, enda sé rithönd hans hvergi á víxlinum. Hann hefur á hinn bóginn borið að um svipað leyti og víxillinn var gefinn út hafi ákærði komið til hans í Brautarholt 22 og beðið hann um að skrifa nafn sitt sem útgefandi á víxil, en Valgeir kvaðst hafa neitað honum um það og sagst vera gjaldþrota.

Ákærði hefur við yfirheyrslur hjá RLR og í dómi haldið því fram að Valgeir Magnússon hafi ritað á víxlinn nafn sitt (þ.e. Valgeirs) sem útgefandi ásamt nafnnúmeri sínu báðum megin á víxileyðublaðið og ennfremur nafn, nafnnúmer og aðrar persónulegar upplýsingar á svuntu víxilsins. Að öðru leyti kveðst ákærði hafa fyllt víxilinn út. Er honum var bent á að rithönd á nafni Valgeirs líktist hans rithönd, þ.e. ákærða, kvaðst hann ekki kunna aðra skýringu á því en þá að Valgeir hafi líkt eftir rithönd hans.

Ákærði og Valgeir voru samprófaðir vegna máls þessa hjá RLR 12. mars sl. Kvaðst ákærði þá ekki muna betur en að Valgeir hafi ritað á víxlinn. Valgeir neitaði sem fyrr staðfastlega að hafa ritað nokkuð á hann. Hinn

8. maí sl. voru þeir samprófaðir í dómi. Hélt Valgeir enn sem fyrr fast við það að hann hefði ekkert ritað á víxilinn og ítrekaði að hans rithönd vær ekki á honum. Í þessari samprófun kvaðst ákærði ekki þora að fullyrða að Valgeir hafi ritað nafn sitt á víxilinn, þó hann hafi talið svo vera, en kvað vel geta verið, að eitthvað af því „óreglufólki“ sem var í Brautarholti 22 hafi ritað nafn Valgeirs á víxilinn.

Að tilhlutan dómsins fól RLR Maríu Bergmann, Tjarnargötu 10, Reykjavík, að gera rithandarrannsókn á umræddum víxli. RLR aflaði rithandarsýna þeirra Valgeirs Magnússonar og ákærða, sem María fékk til rannsóknarinnar ásamt frumriti víxilsins. Rithandarsýni ákærða merkti hún með „A 1-4“ og rithandarsýni Valgeirs með „B“, en víxillinn var merktur „X“. Í niðurlagi álitsgerðar Maríu Bergmann segir svo: „Ritun orðanna Valgeir Magnússon 9099-7540 á sýni X og sannaða ritunin á sýnum A 1-4 sýna rithönd sömu persónu. Stafir þeir sem greinilegast sýna einstaklingseinkenni rithandar ritans eru m.a.: a, g, r, n, s og 9.“

Ákærða var kynnt ofangreind álitsgerð í dómi þann 30. september sl. Kvaðst ákærði mótmæla henni og var þess fullviss að Valgeir hefði sjálfur ritað á víxilinn sem útgefandi.

María Bergmann kom sama dag fyrir dóm og staðfesti álitsgerð sína.

#### *Niðurstöður:*

Með hliðsjón af framburði vitnisins Valgeirs Magnússonar og með niðurstöðu rithandarrannsóknar á umræddum víxli verður að telja sannað að ákærði hafi falsað nafn Valgeirs Magnússonar sem útgefanda á víxilinn, sem hann síðan notaði í lögskiptum eins og nánar er rakið í I. lið ákæru.

Varðar þetta brot ákærða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

## II.

Skömmu fyrir miðnætti miðvikudaginn 5. nóvember 1986 hafði lögreglan afskipti af ákærða við veitingahúsið Glæsibæ í Reykjavík í sama mund og hann kom að bifreið einni, R-29731, sem stóð þar fyrir utan. Lögreglan hafði haft afskipti af Jóhanni Jónassyni, Sigtúni 27, Reykjavík, þar sem hann var undir stýri bifreiðarinnar, vegna gruns um ölvun við akstur, en í farþegasæti í bifreiðinni var Dagný Björt Magnúsdóttir, 15 ára.

Samkvæmt skýrslu lögreglu skýrði Dagný frá því, að hún hefði verið með ákærða í bifreiðinni síðastliðna þrjá daga og ýmist hefði ákærði ekið þessa daga eða aðrir sem hún nafngreindi ekki. Þá kvað hún bifreiðinni hafa verið ekið á ljósastaur við Snorrabraut mánudaginn 3. nóvember, en vildi ekki greina frá hver hefði þá ekið henni.

Ákærði og Jóhann Jónasson voru færðir til töku blóðsýnis til alkóhól-rannsóknar, en síðan í fangageymslu lögreglu, þar sem hvorugur þeirra

kannaðist við að hafa ekið bifreiðinni. Samkvæmt niðurstöðu alkólhólrannsóknanna reyndist magn alkóhóls í blóði ákærða vera 0,58‰.

Ákærði gaf skýrslu hjá lögreglunni í Reykjavík þann 6. nóvember 1986. Kvaðst hann hafa vaknað á miðvikudagsmorgninum og hafa ekið bifreiðinni vestur í bæ. Kvaðst ákærði hafa hafið neyslu áfengis og ekið bifreiðinni eftir kl. 16:00 og kvaðst hann þá hafa verið lítillaga undir áhrifum áfengis. Ákærði gaf einnig skýrslu hjá lögreglu þann 20. nóvember 1986. Kvaðst hann þá hafa hafið akstur bifreiðarinnar seinni hluta mánudags og kvaðst hann hafa neytt áfengis meðan á akstri stóð. Þá kvaðst ákærði einnig hafa ekið bifreiðinni á þriðjudeginum og kvaðst hann hafa verið lítillaga undir áhrifum áfengis.

Fyrir dómi neitaði ákærði að hafa ekið bifreiðinni, heldur hefði einhver maður, sem hann mundi ekki hver var, setið við stýrið.

Vitnið Dagný Björt Magnúsdóttir var yfirheyrð hjá lögreglu þann 10. nóvember 1986 og kom fyrir sakadóm Vestmannaeyja þann 14. desember sl. Kvað vitnið ákærða hafa ekið bifreiðinni dagana 3. - 5. nóvember 1986 og hafi ákærði verið undir áhrifum áfengis við aksturinn.

#### *Niðurstöður:*

Þegar litið er til framburðar vitnisins Dagnýjar Bjartar og framburðar ákærða hjá lögreglu verður að telja sannað að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá sem honum er gefin að sök í ákæruskjali í þessum hluta ákæru og þar þykir rétt færð til refsíákvæða. Það athugast, að dagsetningar í ákæruskjali eru rangar. Samkvæmt gögnum málsins eiga þær að vera 3., 4. og 5. nóvember, en vörn hefur ekki orðið áfátt vegna þessa, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74, 1974.

### III.

Við yfirheyrslu hjá lögreglu viðurkenndi Dagný Björt Magnúsdóttir að hafa þriðjudaginn 4. nóvember 1986 (ekki þann 14. eins og í ákæru greinir) lokkað drukkinn mann inn í bifreið ákærða og haft af honum 17.000,00 krónur í peningum og veski hans. Fyrir sakadómi Vestmannaeyja þann 14. desember sl. skýrði Dagný svo frá að þau hefðu boðið manninum í bifreiðina í þeim tilgangi að hafa af honum peninga. Kvaðst Dagný hafa séð að í veskinu voru um 20 til 30 þúsund krónur. Kvaðst hún hafa fengið við og við 5.000,00 krónur hjá manninum fyrir bensíni. Síðan hafi maðurinn rétt þeim veskið, sem var með 3 þúsund krónum í, og beðið þau að geyma það.

Ákærði var yfirheyrður hjá lögreglu þann 20. nóvember 1986 varðandi þetta atvik. Skýrði hann þá svo frá að Dagný hefði boðið drukknum manni í bifreiðina og kvað ákærði að Dagný hefði lokkað út úr honum talsvert

fé, 15 - 17 þúsund krónur. Fyrir dómi neitaði ákærði að vita nokkuð um mál þetta.

*Niðurstöður:*

Margt er óljóst um mál þetta og hefur engin kæra borist frá umræddum manni. Þá bendir framburður Dagnýjar til þess að maðurinn hafi sjálfur afhent þeim féð. Þegar framanritað er virt þykir það mikill vafi leika á sekt ákærða, að sýkna verði hann af þessum ákærulið.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt eftirtöldum refsingum:

[Sakavottorðið tilgreinir 11 refsidóma frá árabílinu 1979 - 1986 og auk þess 5 sektir lagðar á með dómsátt.]

Ákærði hefur með greindri háttsemi sinni unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga og 80. gr. umferðarlaga. Með hliðsjón af sakaverli hans þykir refsing hans hæfilega ákveðin 6 mánaða fangelsi.

Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga ber að svipta ákærða rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt frá dómsbirtingu að telja.

Rétt þykir að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, sbr. 141. gr. laga nr. 74, 1974, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hrl., kr. 15.000,00.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Sigurður Hólm Sigurðsson, sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði er sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt frá dómsbirtingu að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hrl., kr. 15.000,00.